



**291. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 24. júní 2020 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson og Lilja Sigurðardóttir.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Fjárhagslegar upplýsingar**

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir 5 mánaða rekstur sambandsins. Reksturinn er í góðu jafnvægi, tekjur eru heldur meiri en áætlað var og kostnaður minni.

##### **2. Ólympísk málefni**

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu málefni sviðsins. Verið að kalla eftir upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ varðandi stöðu afreksíþróttafólks.

Fundir með sérsamböndum vegna afreksmála fara í gang í september og gefst þá gott tækifæri til að afla upplýsinga frá samböndum um afleiðingar COVID-19 faraldursins á starfsemi og rekstur sambandanna.

Starfsfólk sviðsins nýta einnig þessar vikur og mánuði til að vinna upp verkefni sem voru sett til hliðar um tíma vegna anna.

##### **3. Fagsvið ÍSÍ**

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum sviðsins.

Nýlega var haldinn fræðslufundur fyrir íþróttafólk þar sem Nalin Chaturvedi, starfsmaður Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), var með erindi um Athlete 365 verkefni IOC.

12. júlí nk. er fyrirhugað að vera með kynningu á niðurstöðum Ánægjuvogarinnar. Viðar sagði ótal tækifæri felast í þeim niðurstöðum, sem voru afar hagstæðar íþróttahreyfingunni.

Verið er að undirbúa kynningarfund vegna endurskipulagningar á þjálfaramenntun ÍSÍ. Verður um opinn fund að ræða til að kynna það sem er búið að vinna og kalla eftir frekari upplýsingum frá sérsamböndunum.

Ólympíudagurinn var haldinn hátíðlegur í Borgarnesi þetta árið og tókst einstaklega vel í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar.

Viðar, Ragna Ingólfssdóttir verkefnastjóri kynningarmála og Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnastjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ hafa unnið að undirbúningi útsendinga hlaðvarps (podcast) og munu halda áfram með það verkefni á næstu vikum.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins.

Kvennahlaupið fór fram 13. júní sl. á 70 stöðum á landinu en aðeins á 3 stöðum erlendis. Áætlað er að um 6-7 þúsund hafi tekið þátt í hlaupinu. Töluverð fækkun þátttakenda varð úti á landi en hlaupið hélt sér nokkuð vel á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdin tókst vel í heild sinni og samstarfið við tix.is og auglýsingastofuna Pipar gekk vel. Seinkun á afhendingu bola frá framleiðanda setti stórt strík í reikninginn við undirbúning hlaupsins en Eimskip/Flytjandi hljóp undir bagga á ögurstundu með ómetanlega aðstoð við dreifingu bola.

Sjóvá er ánægt með flettingar á vefsíðu hlaupsins. Fjölbreytt umfjöllun var um hlaupið í fjölmiðlum og auglýsingaherferðin tókst vel. Fjárhagslegt uppgjör liggur ekki fyrir.

Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ mun fara yfir alla þætti hlaupsins og áætlar að leggja í kjölfarið tillögur til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um næstu skref. Miklar breytingar voru gerðar á framkvæmd hlaupsins í ár og ljóst er að það tekur tíma að koma þeim breytingum á framfæri og fyrir þátttakendur að laga sig að.

#### **4. Innra skipulag**

Forseti kynnti stöðu mála varðandi endurskoðun á innra skipulag ÍSÍ. Verkefnið hefur tafist og ekki er fyrir séð hvaða áhrif sumarfrí stjórnar- og starfsfólks mun hafa á framvindu þess.

#### **5. Umsókn HSV um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ**

Tekin fyrir umsókn Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Öll fylgiskjöl eru komin í hús og staðfesting þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ liggur fyrir.

Umsóknin samþykkt samhljóða. Fundin verður heppileg dagsetning fyrir afhendingu í samráði við HSV.

#### **6. Ánægjuvogin**

Viðar Garðarsson formaður fagráðs þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fylgdi úr hlaði niðurstöðum úr Ánægjuvoginni. Hann hvatti stjórnarfolk til að kynna sér niðurstöðurnar og nýta öll tækifæri til að koma þeim á framfæri við íþróttahreyfinguna, samfélagið sem og opinbera aðila.

Almennar umræður urðu um málið og þau tækifæri og þær áskoranir sem niðurstöðurnar bera með sér.

#### **7. Formannafundur ÍSÍ**

Samþykkt að halda Formannafund ÍSÍ 13. nóvember nk. í Laugardalshöll. Gert er ráð fyrir fundi stjórnar deginum áður.

#### **8. Íþróttaping ÍSÍ**

Alþjóðaólympíunefndin hefur mælst til þess að Ólympíunefndir haldi stjórnnum óbreyttum fram yfir Ólympíuleikana á næsta ári.

Embættismönnum falið að skoða hvað systursamtök ÍSÍ á Norðurlöndum áætla að gera varðandi ársþing og kosningu stjórnar og verður málið í kjölfarið tekið aftur upp á fundi stjórnar.

#### **9. Skipan fulltrúa í Vetraríþróttamiðstöð Íslands**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningu fulltrúa ÍSÍ í stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands. Friðrik Einarsson, sem verið hefur fulltrúi ÍSÍ um árabíl, gefur ekki lengur kost á sér til stjórnarstarfanna.

Samþykkt að tilnefna Viðar Garðarsson og Þóreyju Eddu Elísdóttur sem fulltrúa ÍSÍ og varafulltrúa.

Rætt um stöðu miðstöðvarinnar og framtíðarhorfur.

#### 10. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi COVID-19 faraldurinn, nýjustu afléttingar og almennar leiðbeiningar varðandi íþróttastarf, mannvirki og sundstaði.

Upplýsingum um allar breytingar og vendingar í málinu er komið á framfæri við hreyfinguna eins fljótt og fyrirmæli liggja fyrir.

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu mála varðandi sértækar aðgerðir.

Þann 19. júní sl. rann út frestur fyrir umsóknir um fjárstyrk vegna taps og tekjufalls.

Tæpar hundrað umsóknir bárust og heildartekjufall og tap eru þar skráðar tæpar 700 milljónir. 150 milljónir eru til úthlutunar.

Nú er unnið að því að sannreyna að gögn séu til staðar, hvort að verkefni falli undir kröfur ÍSÍ um styrkhæf verkefni undir sértækum aðgerðum og að áætlanir standist miðað við ársreikninga síðustu ára. Umsóknir eru vel unnar og margir eru með hreyfingalista einstakra verkefna til samanburðar.

#### 11. Norrænn fundur íþróttá- og Ólympíusamtaka

ÍSÍ hefur borist tillaga að dagsetningu og fyrirkomulagi árlegs norræns fundar íþróttá- og Ólympíusamtaka – Nordic Sports Meeting. Fundurinn í ár átti að vera haldinn á Álandseyjum en í ljósi COVID-19 þá liggur fyrir tillaga um að fundurinn fari fram í Kaupmannahöfn þann 11. september nk. og að hann sæki aðeins forsetar, framkvæmdastjórn og einn starfsmaður frá hverju landi/sambandi.

Einnig er lagt til að fundurinn árið 2021 verði haldinn á Álandseyjum og að fundurinn 2022 verði í Noregi.

Ofangreindar tillögur samþykktar samhljóða.

#### 12. Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsmála

Domus Mentis hefur ráðið Sigurbjörgu Sigurpálsdóttur í embætti samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

ÍSÍ hefur sett sig í samband við ráðgjafann og kallað eftir verkferlum og upplýsingum varðandi starf ráðgjafans í málefnum er snerta íþróttahreyfinguna. Þær upplýsingar verða sendar út til hreyfingarinnar um leið og þær berast.

#### 13. Heiðranir

Eftirfarandi heiðranir voru samþykktar með rafrænum hætti í gegnum tölvupóstsendingar:

BLÍ – Gullmerki ÍSÍ: Sigurbjörn Árni Arngrímsson

BLÍ – Silfurmerki ÍSÍ: Kristín Hálfánardóttir og Andri Hnikarr

Sigríður Jónsdóttir, 1. varaforseti, afhenti heiðursviðurkenningarnar á ársþingi sambandsins 13. júní sl.

USVH – Gullmerki ÍSÍ: Reimar Marteinson

USVH – Silfurmerki ÍSÍ: Hörður Gylfason  
Ingi Þór Ágústsson og Þórey Edda Elísdóttir afhentu heiðursviðurkenningarnar á ársþingi sambandsins 15. júní sl.

Samþykkt samhljóða að veita Nikolay Mateev, formanni Skylmingarsambands Íslands, Gullmerki ÍSÍ á ársþingi sambandsins 8. júlí nk.

Umræður urðu um verkferla varðandi heiðursviðurkenningar, fyrirvara og afgreiðslu. Heiðursráði falið að gera tillögur að góðum leiðbeiningum fyrir sambandsaðila sem hægt er að hafa til hliðsjónar við tilnefningar til heiðrana ÍSÍ.

#### 14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og samþykktar:

- 290. fundur framkvæmdastjórnar
- 10. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ frá 16.6.2020
- Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ 22. júní 2020

**Tillaga að síðustu niðurfellingum vegna ársins 2019, skv. fundargerð, samþykkt. Heildarupphæð niðurfellinga að þessu sinni er 4.633.709,-. Heildarniðurfellingar vegna ársins 2019 er 13.701.115,-.**

#### 15. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

#### 16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir stjórnar eru áætlaðir 13. ágúst, 19. september (dagsferð), 22. október og 12. nóvember nk.

#### 17. Önnur mál

*Gæðahandbók fyrir sérsambönd*

Úlfur H. Hróbjartsson kom með tillögu að því að ÍSÍ hefði frumkvæði að gæðahandbók fyrir sérsambönd.

*Hleðslustöð við Íþróttamiðstöðina í Laugardal*

Ræddir möguleikar á uppsetningu hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla við Íþróttamiðstöðina. Gjaldkeri upplýsti að málið væri vandkvæðum bundið í augnablikinu vegna tafa Reykjavíkurborgar á afgreiðslu lóðaskiptingar við fasteignir sambandsins.

*Skýrslur vinnuhópa*

Kallað verður eftir skýrslum frá vinnuhópum fyrir næsta fund stjórnar.

*Stuðningur sveitarfélaga við íþróttahreyfinguna*

Knútur G. Hauksson ræddi stuðning sveitarfélaga við íþróttahreyfinguna og samanburð á fjölda afreksíþróttafólks frá stærstu sveitarfélögunum á landinu.

Skrifstofu falið að vinna samantekt um málið og skoða hvort að tengja má málefnið við fjármálaráðstefnu í tengslum við Formannafund ÍSÍ í nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari